Útgáfa 1.0
11.01.2012

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveitu

Ríkislögreglustjórinn

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

Almannavarnanefnd Múlaþings

Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveitu

Unnin af:
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Lögreglustjóranum á Seyðisfirði
Almannavarnanefnd Múlaþings

Athugasemdir við áætlunina skal senda til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í netfangið rognvaldur@rls.is

EFNISYFIRLIT - KAFLASTKIPTI

1.0 INNGANGUR 4
2.0 STAÐHÆTTIR 5
3.0 SKILGREININGAR 8
3.1 VIRKJUNARSTIG 8
3.2 SKAMMSTAFANIR 9
4.0 BOÐUN 10
4.1 ÓVISSUSTIG 10
4.2 HÆTTUSTIG 11
4.3 NEYÐARSTIG 12
5.0 STJÓRNKERFI 13
5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS 13
5.2 AÐGERÐASTJÓRN 14
5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN 15
5.4 VETTVANGSSTJÓRNIR 16
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR 17
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN 18
5.7 SAMHÆFINGARSTÖÐIN 19
5.8 FJÖLMIÐLAR 19
5.9 RANNSÓKN VETTVANGS 20
5.10 LOFTBRÚ 20
6.0 STARFSSVÆÐI 21
6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT) 22
6.2 BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI (BF, BH OG BTB) 23
6.3 ÁHRIFASVÆÐI FLÓÐS ÚR HRAUNAVEITU 24
6.4 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI 25
6.5 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ – SKRÁNING 26
7.0 RÝMINGARÁÆTLUN 27
7.1 STURLUFLÖT AÐ VALLHOLTI 28
7.2 GLÚMSSTAÐASEL AÐ LANGHÚSUM 29
7.3 FLJÓTSDALSSTÖÐ 30
7.4 EGILSSTAÐIR AÐ VÉGARÐI 31
7.5 SKRIÐA AÐ BESSASTAÐAGERÐI 32
8.0 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA 33
8.1 Aðgerðarstjórn Almannavarnanefndar Múlaþings 34
8.2 Lögreglustjórinn á Seyðisfirði 35
8.3 Lögreglan á Egilsstöðum 36
8.4 Neyðarlínan 37
8.5 Björgunarsveitin Hérað, Fljótsdalshéraði 38
8.6 Björgunarsveitin Sveinungi, Borgarfirði Eystra 39
8.7 Björgunarsveitin Ísólfur, Seyðisfirði 40
8.8 Heilbrigðisstofnun Austurlands 41
8.9 Brunavarnir á Asturlandi 42
8.10 Svæðisstjórn Björgunarsveita á svæði 13 43
8.11 Rauða kross deild Fljótsdalshéraðs 44
8.12 Samhæfingarstöðin 45
8.13 Landhelgisgæslan 46
8.14 Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans 47
8.15 Landsnet 48
9.0 SKIPULAG FJARSKIPTA 50
10.0 KORT 51
11.0 DREIFINGARLISTI 52
12.0 BREYTINGA SAGA 53

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveita segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar stíflurofs við Hraunaveita. Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við stíflurofi og að þolendum slíkra hamfara berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma.

Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. þriggja ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn á Seyðisfirði, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla og skila verkáætluninni og gátlistunum til lögreglustjórans á Seyðisfirði. Gátlistana skal uppfæra árlega.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi, sem var gefið út af Almannavörnum ríkisins í samstarfi við Landlækni, ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörgu og Rauða kross Íslands.

Við gerð áætlunar þessarar var höfð hliðsjón af neyðaráætlun Landsvirkjunar og mikið og gott samstarf var haft við fyrirtækið og m.a. voru starfsmenn LV vinnuhópnum innan handar við öflun gagna.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög 82/2008 um almannavarnir og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

Egilsstaðir, 11.01.2012

Ríkislögreglustjórinn	Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

Almannvarnanefnd Múlaþings

2.0 Staðhættir

Kelduárlón er um 8 km^2 að stærð en miðlunarrými þess um 63 Gl, yfirfallshæð verður 669 m yfir sjó. Úr lóninu liggja göng með lokuvirki svo unnt sé að stjórna rennsli þaðan í Ufsarlón. Hætta á leka úr Kelduárlóni um sprungur er talin hverfandi lítil samkvæmt rannsóknum ÍSOR (UHJV, 2005).
Kelduárstífla: Kelduárstífla er hefðbundin, um 1.650 m löng jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi, aðliggjandi síur, stoðfyllingar og grjótvörn. Mesta stífluhæð verður um 26 m í farvegi Kelduár, en 6 m breið stíflukróna verður í 673 m yfir sjó. Yfirfall verður austast á stíflunni. Stíflan er að mestu grunduð á basalti sem þétt er með sementsídælingu á hefðbundinn hátt.
Tæki verða í og við stífluna til að mæla lónhæð, sig, grunnvatnsþrýsting í stíflukjarna, leka, sig og færslur. Leki í gegnum og undir stífluna verður óverulegur og mun minnka með tímanum vegna þéttingar frá fínefnum í jökulvatninu.

Ufsarlón: Lónið er alls um 9 Gl og innan við 1 km² að flatarmáli. Yfirfallsbrún verður í 625 m yfir sjó. Mesta lóndýpt verður 33 m. Til Ufsarlóns fellur vatn úr Jökulsá í Fljótsdal og frá Hraunaveitu, þ.e. Kelduá, Grjótá og Innri-Sauðá ásamt útrennsli úr Sauðárvatni. Meðal innrennsli í lónið er áætlað 31,3 m³/s. Vatnshæðarsveiflur í lóninu verða óverulegar.
Ufsarstífla er hefðbundin jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi, aðliggjandi síur, stoðfyllingar og grjótvörn. Stíflan er um 620 m löng, mest um 38 m há með krónu í 630,5 m yfir sjó. Krónan er 6 m breið. Stíflan er grunduð á þykkum basaltlögum sem eru þétt með sementsídælingu á hefðbundinn hátt.
Komið er fyrir tækjum til að mæla lónhæð, grunnvatnsþrýsting í stíflukjarna, leka, sig og færslur í stíflufyllingum. Leki í gegnum stífluna er áætlaður 2 l/s og svipaður undir stífluna, en hann mun minnka með tímanum vegna sjálfþéttingar frá fínefnum í jökulvatninu. Botnrás verður í austurbakka Jökulsár. Hún verður notuð til að skola reglulega út aur sem safnast mun í lónið.



Þótt líkur á stíflurofi við Keldúárlón og Ufsarlón séu mjög litlar yrði tjón af völdum þess mikið og er því gripið til margvíslegra ráðstafana bæði til að draga úr líkum á rofi og úr afleiðingum þess.
Helstu neyðaraðstæður sem upp kunna að koma:

- Jarðskjálftar sem valdið geta skemmdum
- Eldgos undir jökli sem valdið geta stórflóðum
- Aftakarigningar og/eða asahláka sem valdið geta stórflóðum
- Sprunguhreyfingar vegna lónfargs
- Skemmdarverk á mannvirkjum
- Innri skemmdir sem valdið geta leka.

Stíflurof er talinn vera afar ólíklegar atburður en ekki er þó hægt að útiloka slíkar hamfarir með öllu. Lagt var gróft mat á flóð úr Kelduárlóni og Ufsarlóni niður í Lagarfljót og áhrif þeirra við bæi. Veitulónin verða mun minni en Hálslón, Kelduárlón verður um 8 km^2 og Ufsarlón um 1 km^2, miðað við yfirfallshæðir.

Helstu niðurstöður útreikninga eru eftirfarandi:
Yfirstreymi yfir Kelduárstíflu: Mesta hæð stíflu er um 25 m. Mesta rennsli er metið um 13.000 m^3/s, um 1,5 klukkustundum eftir að rof hæfist. Innan 3 klukkustunda frá upphafi rofs myndi flóðið berast inn í Lagarfljótið þar sem vatnsborðshækkun gæti orðið um 1,5 m. Engin íbúðarhús bæja eru talin vera í hættu vegna flóðsins.
Yfirstreymi yfir Ufsarstíflu: Mesta hæð stíflu er um 37 m. Mesta rennsli er metið um 21.000 m^3/s, nokkrum mínútum eftir að rof hæfist. Innan 2 klukkustunda frá upphafi rofs myndi flóðið berast inn í Lagarfljótið þar sem vatnsborðshækkun gæti orðið um 25 cm. Íbúðarhús sex bæja í Fljótsdal gætu verið í hættu vegna flóðsins og þar af eru tvö í Norðurdal.

Kelduár- og Ufsarlón
Verði flóð inn í Kelduár- eða Ufsarlón enn stærra en líklegt hámarksflóð (PMF: Probable Maximum Flood) , t.d. vegna eldgoss undir jökli, fyllast lónin og vatn fer að streyma yfir stíflurnar og hætt er við að þær rofni. Aukning sumarrennslis í Ufsarlón fyrstu ár eftir framhlaup Eyjabakkajökuls hefur verið metin 20-40 Gl (Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 2000) og er það ekki talið hafa áhrif á rekstur lónsins.
Líkur á eldgosi undir Vatnajökli á vatnasvæði Jökulsár á Dal eða Jökulsár í Fljótsdal eru afar litlar þar sem ekki eru ótvíræð merki um stórar eldstöðvar á vatnasviði ánna í jöklinum eða svæði í jöklinum þar sem vatn geti safnast upp (mynd V2.1). Ekki eru heldur þekkt hlaup í ánum sem orðið hafa vegna eldgosa í Vatnajökli.
Afar ólíklegt er því talið að flóð geti valdið stíflurofi.

Stíflurof er mjög ólíklegur atburður og gerist ekki einn og sér heldur sem afleiðing margra ólíklegra atburða sem þurfa að tengjast eða gerast samhliða. Eins og fram kemur hér að framan er við hönnun stíflna m.a. gert ráð fyrir því að þær þoli leka, jarðskjálftaálag og stærstu möguleg flóð vegna úrkomu eða leysinga án þess að rofna. Ekki er vitað til þess að stíflur á Íslandi, sem hannaðar hafa verið eftir viðurkenndum hönnunaraðferðum, hafi rofnað (Pálmi R. Pálmason, munnleg heimild júní 2006). Nokkur reynsla hefur fengist af áhrifum jarðskjálfta á stíflur á Suðurlandi og hefur ekkert komið fram sem bendir til skaða af þeirra völdum, þrátt fyrir að hröðun þar hafi verið svipuð og jafnvel meiri en mest má búast við á Kárahnjúkasvæðinu (Vilbergur Kristinsson, munnleg heimild júlí 2006).
Þar sem ekki er hægt að útiloka þann möguleika að stífla rofni voru reiknuð þau flóð sem orðið gætu vegna stíflurofs stíflnanna við Hálslón, ásamt Ufsar- og Kelduárstíflum (LV-2006/055).
Við alla flóðafarvegi má búast við verulega hækkuðu vatnsborði og að hætta sé á ferðum fyrir fólk og umhverfi.

Áhrif flóða:
Kelduár- og Ufsarlón: Verði flóð inn í Kelduár- eða Ufsarlón enn stærra en PMF, t.d. vegna eldgoss undir jökli, fyllast lónin og vatn fer að streyma yfir stíflurnar og hætt er við að þær rofni. Aukning sumarrennslis í Ufsarlón fyrstu ár eftir framhlaup Eyjabakkajökuls hefur verið metin 20-40 Gl (Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 2000) og er það ekki talið hafa áhrif á rekstur lónsins.
Líkur á eldgosi undir Vatnajökli á vatnasvæði Jökulsár á Dal eða Jökulsár í Fljótsdal eru afar litlar þar sem ekki eru ótvíræð merki um stórar eldstöðvar á vatnasviði ánna í jöklinum eða svæði í jöklinum þar sem vatn geti safnast upp (mynd V2.1). Ekki eru heldur þekkt hlaup í ánum sem orðið hafa vegna eldgosa í Vatnajökli. Afar ólíklegt er því talið að flóð geti valdið stíflurofi.

Flóð vegna yfirflæðis Kelduárstíflu: Frá Kelduárlóni myndi flóð berast með Kelduá niður í Þorgerðarstaðadal, þaðan niður í Suðurdal og sameinast loks Jökulsá í Fljótsdal áður en það rynni í Lagarfljótið. Farvegur Lagarfljóts endar við strönd Héraðsflóa. Eftir að fer að flæða yfir stífluna er gert ráð fyrir að hún rofni á um 1,5 klst. Metið er að mesta rennsli af þeim sökum yrði um 13.000 m3/s. Innan 3 klukkustunda frá upphafi rofs myndi flóðið berast í Lagarfljótið þar sem vatnsborðshækkun gæti orðið um 1,5 m.

Flóð vegna yfirflæðis Ufsarstíflu: Flóð frá Ufsarstíflu myndi berast með farvegi Jökulsár í Fljótsdal niður í Norðurdal og þaðan inn í Lagarfljót. Farvegur Lagarfljóts endar við strönd Héraðsflóa. Eftir að fer að flæða yfir stífluna er gert ráð fyrir að hún rofni á um það bil á nokkrum mínútum. Metið er að mesta rennsli sem af því hlýst yrði um 21.000 m3/s. Innan 2 klukkustunda frá upphafi rofs myndi flóðið berast inn í Lagarfljótið þar sem vatnsborðshækkun gæti orðið um 25 cm.

(Textinn í þessum kafla er fenginn úr ritinu: Kárahnjúkavirkjun: Mat á áhættuvegna mannvirkja; LV-2006-054)

3.0 Skilgreiningar

3.1 Virkjunarstig

Þeir sem heimild hafa til að virkja þessa áætlun eða óska eftir afboðun á henni eru:

- Lögreglustjórinn á Seyðisfirði
- Almannavarnanefnd umdæmis lögreglustjórans á Seyðisfirði.
- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans
- Samhæfingarstöðin

Þegar upplýsingar berast sem gefa tilefni til að virkja áætlunina skulu ofangreindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku um, á hvaða stigi skuli vinna og upplýsa 112 til boðunar.

Neyðarlínunni er þá falið að boða út skv. gildandi boðunaráætlun.

Áætlun þessa er hægt að virkja á þremur ólíkum stigum.

1. **Óvissustig –** Uncertainty Phase

Óljóst hvort stíflurof gæti gerst. Ástand vegna atburða sem leitt geta af sér vá.

2. **Hættustig –** Alert Phase

Augljós hætta vegna stíflurofs yfirvofandi. Ástand þegar augljós vá gefur tilefni til aðgerða.

3. **Neyðarstig –** Distress Phase

Raunveruleg hætta vegna stíflurofs yfirstandandi. Ástand þegar atburður hefur gerst og tafarlausra aðgerða er þörf.

4. **Afboðun**

Um leið og ljóst er að ekki er þörf á öllum þeim björgum sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal tafarlaust hefja afboðun. Neyðarlína sér um afboðun.

3.2 Skammstafanir

AHS	Aðhlynningarstjóri
ASTT	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
ETA	Áætlaður komutími (Esteimated Time of Arrival)
ETD	Áætlaður brottfarartími (Esteimated Time of Departure)
F	Verkþátturinn Flutningar
FST	Flugstoðir
HSA	Heilbrigðisstofnun Austurlands
IL	Innri lokun
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LSH	Landspítali
LÞ	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
Mhz	Megahertz
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
MRCC	Stjórnstöð sjóbjörgunar (Maritime Rescue Coordination Centreer)
RKÍ	Rauði kross Íslands
RNF	Rannsóknarnefndnfd flugslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
SÁBF	**S**tjórnun-**Á**ætlun-**B**jargir-**F**ramkvæmd – verkþáttaskipturit fyrir ASTT og VST
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
TWR	Flugturn
G	Verkþátturinn Gæslustörf
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
YL	Ytri lokun

4.0 Boðun

Eftirtaldir listar eru í stafrófsröð. Eftirtaldir boða þá sem verkskyldur hafa til starfa:

Neyðarlínan 112 boðar:

og tilkynnir um virkjun:

- **Óvissustig, hættustig, neyðarstig**
- **líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti.
- Auk þess veitir hún eftir föngum uppl. um atburðinn (sjá nánar kafla 8).

Ef það kemur í ljós að ekki er þörf á öllum þeim björgum sem virkjaðar eru, skal Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, að höfðu samráði við stjórnanda á vettvangi, fela Neyðarlínu að hefja afboðun.

4.1 Óvissustig

Neyðarlína 112 boðar:

ÓVISSUSTIG – Kárahnjúkavirkjun – Hraunaveita

Aðgerðastjórn á Egilsstöðum
Almannvarnanefnd Múlaþings
Lögreglustjóraembættið á Seyðisfirði
Ríkislögreglustjórann almannavarnadeild hóp 1
Stjórnstöð Landsnets

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.2 Hættustig

Neyðarlína 112 boðar:
Hættustig – Kárahnjúkavirkjun – Hraunaveita

Aðgerðastjórn á Egilsstöðum
Almannvarnanefnd Múlaþings
Björgunarsveitin Hérað Fljótsdalshéraði
Björgunarsveitin Ísólfur Seyðisfirði
Björgunarsveitin Sveinungi Borgarfirði Eystra
Björgunarsveitin Vopni Vopnafirði
Brunavarnir á Austurlandi
Heilbrigðisstofnun Austurlands
Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða kross Íslands
Hjálparsveit Skáta Fjöllum Fljótsdalshéraði
Landhelgisgæslan
Lögreglustjóraembættið á Seyðisfirði
Rauða kross deild Seyðisfjarðar
Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild hóp 1 og 2
Stjórnstöð Landsnets
Svæðisfulltrúi Rauða kross deilda á Austurlandi
Svæðisstjórn Björgunarsveita svæði 13

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

4.3 Neyðarstig

Neyðarlína 112 boðar:
NEYÐARSTIG – Kárahnjúkavirkjun – Hraunaveita

Aðgerðarstjórn á Egilsstöðum
Almannvarnanefnd Múlaþings
Björgunarsveitin Hérað - Fljótsdalshérað
Björgunarsveitin Ísólfur Seyðisfirði
Björgunarsveitin Sveinungi Borgarfirði Eystra
Björgunarsveitin Vopnafirði
Brunavarnir á Austurlandi
Heilbrigðisstofnun Austurlands
Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða kross Íslands
Hjálparsveit Skáta Fjöllum – Fljótsdalshérað
Landhelgisgæslan
Lögreglustjóraembættið á Seyðisfirði
Rauða kross deild Seyðisfjarðar
Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild hóp 1 og 2
Stjórnstöð Landsnets
Svæðisfulltrúi Rauða kross deilda á Austurlandi
Svæðisstjórn Björgunarsveita svæði 13

<u>Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.</u>

5.0 Stjórnkerfi

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

Stjórnkerfið - grunneiningar-hlutverk-tenging

Aðgerðastjórn
AST

Hlutverk:
Stjórn og samhæfing aðgerða innan umdæmis.
Bakland vettvangsstjórnar

Tenging við viðbragðsaðila:
Allar starfseiningar innan umdæmis sem eru ekki starfandi á vettvangi

Samhæfingarstöðin
SST

Hlutverk:
Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana
Flutningur slasaðra milli umdæma
Bakland aðgerðastjórnar
Samhæfing á landsvísu

Tenging við viðbragðsaðila:
Allar bjargir á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins.
Ríkisstofnanir
Erlendar bjargir

Vettvangsstjórn
VS

Hlutverk:
Stjórn og samhæfing vettvangsaðgerða
Bakland verkþáttastjóra

Tenging við viðbragðsaðila:
Allar starfseiningar við störf á vettvangi

5.2 Aðgerðastjórn

Yfirstjórn aðgerða samkvæmt viðbragðsáætluninni er á ábyrgð lögreglustjórans á Seyðisfirði sem getur skipað aðgerðastjórn í samvinnu við almannavarnanefnd.

Aðgerðastjórn er að jafnaði þannig skipuð:
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði eða staðgengill hans - **aðgerðastjóri**
Fulltrúi Brunavarna á Austurlandi
Fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Fulltrúi Svæðisstjórnar björgunarsveita - svæði 13
Fulltrúi Rauða kross deildar Fljótsdalshéraðs

Aðgerðastjórn skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningum og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

Helstu verkefni aðgerðastjórnar:

- Stjórn og samræming heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Virkjun starfseininga innan umdæmis
- Yfirstjórn og bakland vettvangsstjórnar
- Tengsl við Samhæfingarstöðina
- Tryggja samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda
- Tryggja samskipti við flugvöll og flugturn
- Tryggja samskipti við fjölmiðla í samráði við hlutaðeigandi aðila (sjá kafla 5.9 - fjölmiðlar)
- Tryggja samskipti við stöðvarstjóra Fljótsdalsstöðvar

Aðsetur aðgerðastjórnar:

Aðalaðsetur:
Björgunarmiðstöðin
Egilsstöðum
Miðási 1

Varaaðsetur:
Lögreglustöðin
Egilsstöðum

5.3 Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn



5.4 Vettvangsstjórnir

Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt viðbragðsáætluninni er í höndum vettvangsstjóra skv. umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn er skipuð fulltrúum frá:

Lögreglunni á Egilsstöðum.
Brunavörnum á Austurlandi.
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 13

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

Vettvangsstjórn skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF skv. umboði lögreglustjóra.
- Sá sem er skipaður í ***F****ramkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla) og helst vera hreyfanlegur (hafa bíl til umráða til þess að fara á milli vettvangsstjórnarinnar og hinna ýmsu starfssvæða).
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi.
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn.
- Tryggja samskipti við vinnuflokka Landsvirkjunar á vettvangi.

Aðsetur vettvangsstjórnar:

Aðalaðsetur: Eftir aðstæðum
Varaaðsetur: Eftir aðstæðum

Merkja skal vettvangsstjórnarbíla tryggilega með segulmerki eða fána: VS

5.5 Verkþáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkþáttastjóranna en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkþáttastjórar	Aðilar sem skipa verkþáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	**Brunavarnir á Héraði**	**Hreyfanlegur eftir þörfum**
Aðhlynningarstjóri	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**Á sjúkrahúsi/hreyfanlegur ef þarf**
Gæslustjóri	**Lögreglan á Egilsstöðum**	**Hreyfanlegur eftir þörfum**
Flutningastjóri	**Svæðisstjórn björgunarsveita - Svæði 13**	**Hreyfanlegur eftir þörfum**

Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við vettvang. Hann undirbýr sig til að bjarga fólki sem ekki hefur komst frá áhrifasvæðinu í tíma og kemst ekki þaðan án aðstoðar samkvæmt fyrirmælum VST.

Aðhlynningarstjóri. Ekki er gert ráð fyrir því að aðhlynningarstjóri þurfi að fara út á vettvang til að setja upp SSS. Þess í stað undirbýr heilbrigðisstofnun Austurlands sig til að taka á móti þolendum frá áhrifasvæðinu sem kunna að þurfa leita þangað og gerir ráðstafanir til að geta farið út á vettvang ef til þess kæmi.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða. Hann tryggir að fyrirfram ákveðnir lokunarpóstar séu settir upp og umferðarstjórn sé virk þar sem á þarf að halda. Gæslustjóri sér til þess að lokunum sé haldið svo lengi sem þurfa þykir.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Hann tryggir að móttökustaður og biðsvæði séu mönnuð.

5.6 Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin

- Halda uppi virku sambandi við aðgerðastjórn.
- Skipuleggja stuðning við aðgerðastjórn og útvega bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni.
- Skipuleggja og stjórna flutningi slasaðra milli umdæma.
- Sjá um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma, sem m.a. felst í að halda uppi virku sambandi við:
- höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
    - þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis.
    - þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum.
    - þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð.
    - Verkefni sem lúta að tenglum við Landsvirkjun og aðrar veitur.

5.8 Fjölmiðlar

Hverjir sinna þeim.
Tvær meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / Aðgerðastjórn (stjórnandi aðgerðarinnar)
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða)

Að jafnaði getur Samhæfingarstöðin aðstoðað lögreglustjóra / aðgerðastjórn í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara tveggja aðila / starfseininga hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:
Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að áhrifasvæði meðan á björgunaraðgerðum og lokunum stendur.

Upplýsingar um afdrif þolenda:
Upplýsingar um afdrif þeirra eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Samhæfingarstöðvarinnar

5.9 Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsóknar. Rannsókn lögreglu beinist fyrst og fremst að því að upplýsa hvort um refsivert athæfi geti verið að ræða.

- Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum.
- Rannsókn er í höndum lögreglu.
- Lögregla skal setja sig í samband við vettvangsstjóra og stöðvarstjóra Fljótsdalsvirkjunar vegna starfa sinna við rannsókn.
- Rannsókn fer að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og stjórnar lögregla henni sbr. 66.gr.
- Sérstaklega er vísað til 3. mgr. 66.gr. oml: Rannsókn skal fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannslátum, mannshvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn.

5.10 Loftbrú

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er Samhæfingarstöðin mönnuð. Þá setur neyðarvörður strax í gang undirbúning loftbrúar sem Samhæfingarstöðin tekur við þegar hún hefur verið mönnuð. Samhæfingarstöðin leitar m.a. eftir upplýsingum frá ASTT um þörf á björgum til að senda með loftbrúnni á slysstað. Þegar loftbrú er komin í gang sér FS-maður í Samhæfingarstöðinni um samskipti við vélina í gegnum flugstjórn og turn á Egilsstöðum. Turninn á Egilsstöðum tilkynnir ASTT um brottfarir sjúkraflugs frá Egilsstöðum og fulltrúi Isavia í Samhæfingarstöðinni leitar upplýsinga um ástand sjúklinga í gegnum flugmann vélarinnar.

6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við afleiðingar stíflurofs. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða atburð, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfsvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.



Söfnunarsvæði fyrir þolendur

- Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ)
- Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)



Biðsvæði fyrir bjargir

- Biðsvæði hjálparliðs (BH)
- Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)
- Biðsvæði flutningstækja (BF)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning:
1) Björgunarmiðstöðin Egilsstöðum.
2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

Verkþáttastjóri: **Flutningastjóri**

Hverjir sinna: Lögreglan á Egilsstöðum
Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 13

Kortatákn:

6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

Starfsemi: Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað í verkefni eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við Móttöku. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri-biðsvæði).

Staðsetning:
1) Björgunarmiðstöðin Egilsstöðum.
2) Félagsheimilið Végarður
3) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

Verkþáttastjóri: **Flutningastjóri**

Hverjir sinna: Lögreglan á Egilsstöðum
Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 13

Kortatákn:

Biðsvæði flutningstækja	Biðsvæði hjálparliðs	Biðsvæði tækja og búnaðar
BF	BH	BTB

6.3 Áhrifasvæði flóðs úr Hraunaveitu

Viðfangsefni: Móttaka fólks er leitar til fjöldahjálparstöðvar, aðstoð við fólk sem kemst ekki sjálft frá svæðinu, björgun fólks úr hættu, skráningar, mengunarvarnir, leit og hreinsunarstörf.

Staðsetning: Fljótsdaldur, Norðurdalur og Suðurdalur.

Verkþáttastjóri: **VST samhæfir heildaraðgerðir**

Hverjir sinna:

- Brunavarnir á Austurlandi
- Lögreglan á Egilsstöðum
- Greiningarsveit Heilbrigðisstofnunar Austurlands
- Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 13
- Björgunarsveitin Hérað
- Björgunarsveitin Ísólfur
- Björgunarsveitin Sveinungi
- Hjálparsveit skáta á Fjöllum

Eftir atvikum annast lögreglan rannsókn.

Kortatákn: Áhrifasvæðið er afmarkað með útlínum á korti.

6.4 Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi: Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn og umsjón með Söfnunarsvæði látinna.

Verkþáttastjóri: **Gæslustjóri**

Lokanir:
Við Hallormsstað (að austanverðu)
Við Brekku (að norðanverðu)
Við Bessastaðabrekku

Hverjir sinna:
Lögreglan á Egilsstöðum
Björgunarsveitir

Kortatákn:

Innri lokun

IL

Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun

YL

Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

6.5 Fjöldahjálparstöð – Skráning

Starfsemi: Staður sem fólk af rýmingarsvæði fer á til skráningar og aðstoðar. Þeim sem ekki hafa í önnur hús að vernda er útvegað húsaskjól

Staðsetning: Fjöldahjálparstöð Grunnskóla Fljótsdalshéraðs Egilsstöðum.

Verkþáttastjóri: Þetta starfssvæði fellur ekki undir vettvangsstjórn heldur undir lögreglustjóra / aðgerðastjórn.

Verkþáttastjóri: **Aðhlynningarstjóri**

Aðrir stjórnendur: Yfirmaður neyðarnefndar Rauða kross deildar Fljótsdalshéraðs stjórnar innri starfsemi í Fjöldahjálparstöð í umboði HSA og upplýsir fulltrúa HSA í ASTT um stöðu mála hverju sinni.
